

Nd.

436. Breytingartillögur

[7. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

Frá Lúðvík Jósepssyni og Kjartani Ólafssyni.

Við 3. gr. b-liður orðist svo:

50% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið sem hér segir:

- 1) 50% skal veitt sem lán til hagræðingar- og framleiðniaukningar í fiskiðnaði. Lánin skulu fyrst og fremst veitt til kaupa á vélum og tækjum og til að koma upp kældum fiskmóttökum. Óheimilt er að veita lán þessi til greiðslu rekstrar-skulda eða annars sem telja verður til venjulegs reksturs. Endurgreiðsla lána þessara með vöxtum skal renna til Fiskveiðasjóðs Íslands.
- 2) 40% skal varið til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra lána samkvæmt nánari reglum sem stjórn Fiskveiðasjóðs setur.
- 3) 10% skal renna í Aldurslagasjóð fiskiskipa hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.